

Kennari: Haukur Hilmarsson

Tímafjöldi: 6

Kennslufyrirkomulag: Smíðjur í 3. og 4. bekk.

Hönnun og smíði

Hönnun og smíði sem námsgrein á sér langa sögu. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfva einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Auk þess er lögð áhersla á handverk, menningu og tengsl við verklegt framhaldsnám. Námsgreinin byggir því í senn á rótgrónum handverkshefðum og almennum áherslum um uppeldi og menntun. Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Hann öðlast þekkingu og færni sem hann getur yfirfært á starfsvettvang, tómstundir eða heimilishald. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Þar fléttast einnig inn áhersla á nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Nemandinn hefur þannig áhrif á umhverfi sitt og er um leið hvattur til að sýna umhverfinu nærgætni og virðingu.

Í hönnun og smíði fléttast saman sköpun, læsi og sjálfbærni á áþreifanlegan hátt sem hjálpar nemandanum að skilja merkingu hugtakanna.

Hæfniviðmiðum í hönnun og smíði er skipt upp í þrjá efnisflokkka, handverk, hönnun og tækni, og umhverfi, og eru þeir megináherslusvið greinarinnar. Flokkarnir tengjast þó allir innbyrðis.

Lögð er áhersla á að nemendur læri rétta notkun hlífðarbúnaðar og þekki hugtakið vinnuvernd.

Hönnun og smíði

| Námsþættir: | Námsefni: | Hæfniviðmið: <i>Að nemendur geti:</i> | Leiðir: |
|-----------------------------|---|---|--|
| Hönnun, smíði og samsetning | - Efni af vef - Ýmsar handbækur og blöð | -Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt. -Gert grein fyrir nokkrum smíðaeffnum sem unnið er með. -Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit. -Framkvæmt einfaldar samsetningar. -Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með. -Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar. -Dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar. | - Sýnikennsla í hópi - Nemendur vinna einstaklingsverkefni í samræmi við þroska þeirra og getu - Sköpunarþörf og sjálfstæði nemandans fá að njóta sín |
| Námsmat | Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti | | |